

Ársskýrsla æskulýðsnefndar LH 2015

Æskulýðsnefndina skipuðu á síðasta starfsári, auk undirritaðrar, þau Andrea Margrét Þorvaldsdóttir úr Létti, Sóley Margeirsdóttir úr Mána, Stefán Ármannsson úr Dreyra og nýr nefndarmaður Sigurlaug Anna Auðunsdóttir úr Fáki sem tók við af Thelmu Víglundsdóttur úr Sörla. Við bjóðum Önnu Laugu velkomna í nefndina og þökkum Thelmu gott samstarf. Nefndin hefur fundað eftir þörfum á síðasta starfsári en verkefni voru ekki ýkja mörg þetta árið.

Helstu verkefni nefndarinnar á árinu voru að auglýsa og velja umsækjendur á FEIF Youth Camp sem haldið var í Þýskalandi, velja handhafa æskulýðsbikars LH, ásamt því að afgreiða þau erindi sem vísað var til nefndarinnar.



Youth Campfarar: Þór Ævarsson, Eysteinn Kristinsson, Hjörtur Þorvaldsson, Kristján Ingibergsson og fararstjórinn Sóley Margeirsdóttir

Youth Camp í Berlar, Þýskalandi

Dagana 27. júní – 5. júlí 2015 fóru 4 íslenskir piltar ásamt fararstjóra, á FEIF Youth Camp sem haldið var í Berlar í Þýskalandi. Alls tóku rúmlega 30 krakkar þátt í búðunum, sem haldið var fyrir aðila innan FEIF landanna. Þema búðanna var sirkus en krakkarnir æfðu sirkusatriði og enduðu vikuna á sýningu þar sem allir þátttakendur leiku listir sínar. Krakkarnir áttu frábæra daga í hitanum, kældu krakkarnir sig meðal annars í vatnsslag, fóru í reiðtúr og fengu sýnikennslu hjá heimsmeistararum Jolly Schrenk og fleira.



Hópefli á Youth Camp

Fulltrúi æskunnar á FEIF ráðstefnu

Hin árlega ráðtefna FEIF var í Kaupmannahöfn þetta árið og sótti undirrituð hana. Þar var farið yfir þau málefni æskunnar sem unnið er með í hverju landi fyrir sig. FEIF tók upp sama sið og við höfum hér á landi að afhenda æskulýðsbikar til þess lands sem þykir standa sig hvað best í þessum málaflokki undanfarið ár. Fyrir valinu fyrir 2014 voru Bandaríkin, en þar hefur öflugt starf verið unnið í æskulýðsmálum undanfarið. Mjög mikilvægt er að efla tengsl okkar Íslendinga við þá fjöldamörgu sem unna íslenska hestinum á erlendri grund.

Æskulýðsbikar LH

Í ár skiluðu 20 hestamannafélög skýrslum til Æskulýðsnefndar þar sem ársstarfinu eru gerð skil. Þetta eru nokkuð færri skýrslur en við höfum fengið síðustu ár en unnið er út frá þessum skýrslum þegar handhafi Æskulýðsbikars LH er valinn. Bikarinn er veittur því félagi sem skara hefur þótt framúr í æskulýðsstarfi síðastliðins og hefur verið afhentur frá árinu 1996. Ég hvet ykkur til að lesa skýrslur liðinna ára sem hægt er að finna á heimasíðu LH undir æskulýðsmál. Þar má sjá það fjölbreytta starf sem á sér stað í félögunum á landinu og gaman að sjá hvað mikið af nýjum viðfangsefnum æskulýðsnefndirnar hafa boðið uppá.

Á ársþingi LH sem haldinn var á Selfossi síðastliðið haust hlaut hestamannafélagið Fákur bikarinn fyrir starfsárið 2014 en handhafi bikarsins fyrir starfsárið 2015 verður tilkynntur á formannafundi LH í Reykjavík 6. nóvember.

Þetta eru þau félög sem hlotið hafa bikarinn:

1996 *Léttir*
1997 *Gustur*
1998 *Sörli*
1999 *Hörður*
2000 *Freyfaxi*
2001 *Máni*
2002 *Smári*
2003 *Fákur*
2004 *Blær*
2005 *Andvari*

2006 *Léttir*
2007 *Máni*
2008 *Þytur*
2009 *Dreyri*
2010 *Logi*
2011 *Hörður*
2012 *Sleipnir*
2013 *Sindri*
2014 *Fákur*
2015 ?

Framundan

Ráðstefna æskunnar

Enn höfum við ekki gefist upp við að halda ráðstefnu æskulýðsmála, en höfum þurft að aflýsa henni undanfarið vegna lítillar aðsóknar. Þegar þetta er skrifað stendur ráðstefnan til laugardaginn 7. nóvember og eru mörg athyglisverð erindi þar á dagskrá.

Menntaráðstefna FEIF

Árleg menntaráðstefna FEIF verður haldin í Austurríki nú í lok nóvember og er hún haldin í samstarfi menntanefndar og æskulýðsnefndar FEIF. Á hana er boðið reiðkennurum, þjálfurum og öðrum þeim sem koma að reiðkennsku barna og unglunga. Æskulýðleiðtogum FEIF landanna er einnig boðið og munu formenn menntanefndar og æskulýðsnefndar LH sækja ráðstefnuna.

Feif Youth Cup í Hollandi 2016

Á næsta ári, dagana 22. – 31. júlí verður Youth Cup haldið í Exloo í Hollandi. 8 unglingar eiga þátttökurétt frá Íslandi og munum við auglýsa eftir þátttakendum í ársbyrjun. Valið er eftir árangri í keppni og einnig þurfa þátttakendur að geta skilið og talað ensku þar sem öll kennsla og keppni fer fram á ensku. Fyrstu daga vikunnar njóta krakkarnir leiðsagnar góðra þjálfara, farið er í skemmtiferð einn dag og síðan tekur við 3ja daga keppni en keppt er í ýmsum greinum svo sem; tölta T3, T6, T7, fjórgangi V2, V4, fimmgangi F2, skeiði PP2, P2, þrautabraut TR1, víðavangshlaupi CR1, fánareið FR1 og fimi FS2 og FS3.

Við í æskulýðsnefndinni erum alltaf opin fyrir öllum þeim verkefnum sem styrkja og styðja æskulýðsmálefni og hvetjum þá sem óska eftir samvinnu eða hafa verkefni fyrir okkur að hafa samband og minnum á að verkefni nefndarinnar er að vera æskulýðsfulltrúum innan handar í þeirra starfi.

f.h. Æskulýðsnefndar LH

Helga Björg Helgadóttir formaður